

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðhúsið við Lækjartorg
101 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 24. maí 2023

Efni: Umsögn Landverndar um Grænbók um sjálfbært Ísland, mál nr. 82/2023

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreinda Grænbók, þakkar fyrir þessa vinnu og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Stjórn Landverndar fagnar mjög þeirri vinnu á vegum forsætisráðuneytis um að móta stefnu um sjálfbæra þróun fyrir Ísland. Sjálfbær þróun er og verður að vera leiðarljós þjóðar að betri framtíð. Grænbókin er mikilvægt skref í stefnumótun og inniheldur mörg mikilvæg atriði. En þessi grænbók ber því miður einnig þess merki hversu grunnt er ennþá á skilningi á sjálfbærri þróun og þeim aðgerðum sem þjóðin þarf að ráðast í. Margt þarf að bæta í Grænbókinni. Ánægjulegt er að forsætisráðuneytið hefur nýlega verið með fundi um allt land þar sem landsmönnum var gefin kostur á að koma með innlegg í þessa vinnu.

Notkun á orðinu sjálfbært

Í Grænbókinni er orðið sjálfbært notað á margvíslegan og mismunandi hátt án þess að ljóst sé hvaða merking býr að baki hverju sinni. Dæmi um óljósa framsetningu á orðinu og hugtakinu sjálfbærni eru m.a.: sjálfbær nálgun, sjálfbær hagþróun, efnahagsleg sjálfbærni landsins, sjálfbær rekstur hins opinbera, sjálfbærni ríkisfjármála, sjálfbæra fjármögnun, sjálfbær innkaup ríkissjóðs, sjálfbær þekkingariðnaður, umhverfislegar sjálfbærar samgöngur, sjálfbær innviðaupbygging og sjálfbær kvikmyndagerð. Ekki er ljóst hvaða skilgreining býr að baki þessum hugtökum. Er hér t.d. alltaf horft til allrar þriggja stoða sjálfbærrar þróunar eða er orðið einfaldlega misnotað í þeirri meiningu að eitthvað á að bera sig sjálft? Slík frjálslig notkun á þessu flókna og mikilvæga hugtaki sem sjálfbærni er gerir það að verkum að orðið missir sína merkingu og gildi og verður „tómt“. Þar sem Grænbókin á að hafa leiðandi áhrif á sjálfbærri þróun á Íslandi skiptir mjög miklu máli að orðanotkun er skýr og rétt og ekki notuð í þeim tilgangi að stimpla eitthvað sem sjálfbært án viðmiða og reglna. Notkun á orðinu á rangan hátt stuðlar ekki að því að farið verði í nauðsynlegar aðgerðir í átt að sjálfbærri þróun.

Skilgreining á sjálfbærri þróun

Í kafla 1.3 og 1.4 er sjálfbær þróun útskýrð og skilgreind. Ekki er alltaf samræmi milli skýringar. Þannig er t.d. á bls. 13 tekið réttilega fram að vöxtur getur ekki farið út fyrir mörk sem náttúran setur en á hinn bóginn er sagt að sjónarmið samfélags og náttúru standa jafnfætis efnahagslegum sjónarmiðum. Þetta ósamræmi kemur oft fram í textanum þar sem talað er annaðhvort um jafnvægi milli þessara þriggja stoða sjálfbærrar þróunar eða um það að náttúran hefur takmörk sem ber að virða. Eins og kemur fram í textanum Grænbókarinnar eru

til mismunandi skilgreiningar og myndrænar framsetningar á sjálfbærri þróun. Margt bendir til þess að eftirfarandi myndræna framsetning lýsir best hugtakinu sjálfbær þróun¹¹: Grunnstoðir sjálfbærrar þróunar eru náttúra, samfélag og hagkerfi. Horfa verður á þá staðreynd að auðlindir jarðarinnar eru takmarkaðar og mynda þar með lokað kerfi sem samfélagið og efnahagslífið eru hluti af. Innan náttúrunnar hefur maðurinn skapað samfélagið og hagkerfið hefur maðurinn mótað innan samfélagsins. Það er því augljóst að hagkerfið verður að taka mið af þeim gildum sem móta gott samfélag og samfélagið þarf að laga sig að þeim reglum og þolmörkum sem náttúran hefur.



Mynd: Þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar

Í Grænbókinni er bent á nokkur af aðaleinkennum sjálfbærrar þróunar eins og áhersla á heildarsýn og langtímahugsun og að um alþjóðlega nálgun er að ræða. En það vantar að taka fram fleiri mikilvæg aðaleinkenni eins og að sjálfbær þróun byggir á siðferðislegum grunni og á réttlæti innan og milli kynslóða². Í því sambandi vantar þá helst að fjalla um hnattræna vitund og ábyrgð ekki síst m.t.t. þess að við í vestrænum ríkjum byggjum hluta af okkar velgengni á arðráni á fátækum ríkjum, þeirrar náttúrauðlindum og starfskröftum. Ef við viljum fyrir alvöru stuðla að sjálfbærri þróun verðum við að gera breytingar á þessum málum með réttlæti að leiðarljósi.

Heimsmarkmiðin

Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni að Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. En Ísland sem ríkt vestrænt land verður að gera sér grein fyrir því að flétta hnattræna og siðferðislega vitund auk réttlætis á sanngjarnan hátt í vinnu sinni með heimsmarkmiðunum.

Efst á bls. 17 er bent á að örva hagvöxt. Alveg frá því að núverandi skilgreining á sjálfbærri þróun kom fram var bent á það að hagvöxtur og sjálfbær þróun ættu ekki samleið og að stöðugur hagvöxtur myndi stuðla að ósjálfbærri þróun. Þegar markmið 8 „Góð atvinna og hagvöxtur“ er skoðað nánar kemur í ljós að orðalagið er m.a. vegna málamiðlana milli ríkja þar sem skiljanlegt er að fátæk lönd sjái í hagvexti mikilvægt tækifæri til þess að koma sér út úr fátækt. Í undirmarkmiði 8.1 er síðan skilgreint að „Viðhaldið verði hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður í hverju landi og að minnsta kosti 7% vexti vergrar landsframleiðslu á ári í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin“. Þannig að hér er m.a. reynt að koma til móts við þarfir fátækra landa. Og í undirmarkmiði 8.4 kemur m.a.

¹ <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/sjalbbaerni/>

² <https://menntunilsjalbbaerni.is/sjalbbaer-throun-2/>

fram að leitast þarf við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna³. Það er því ljóst að aukin hagvöxtur á ekki við fyrir rík lönd eins og Ísland þegar heimsmarkmið 8 er skoðað nánar og með hnattrænni og siðferðislegri vitund.

Stjórn Landverndar fagnar því að það er skýrt tekið fram í Grænbókinni á bls. 18 að sjálfbær þróun og samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda haldast í hendur.

Stöðumat Íslands á heimsmarkmiðunum skýtur skökku við. Ísland sem er meðal þjóða með hæsta vist- og kolefnissporið⁴, þar sem neyslan byggir á miklum innflutning vara, þar sem ójöfnuður innan samfélags hefur aukist mikið, þar sem enn hefur ekki verið dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem orkunotkun og -framleiðsla á íbúa er mest í heiminum og margt fleira. Mikilvægt er að staða Íslands verði metin af óháðum aðilum og ekki af sérfræðingum innan ráðuneyta.

Stjórn Landverndar fagnar því að Ísland ætla að fara af stað með vinnu um að þróa innlenda mælikvarða á sjálfbærri þróun og gera úttekt á spilliáhrifum Íslands vegna innleiðingar á heimsmarkmiðunum. Grundvallaratriði í þeirri vinnu verður að vera að flétta spilliáhrifin beint inn í mælikvarða og nota gagnrýna hugsun, hnattræna vitund og siðferðiskennd.

Velsældarvísar

Þróun velsældarvísar fyrir Ísland er góð byrjun til þess að horfa á fleiri þættir en hagvöxt við mat á velgengni þjóða. Það kemur hins vegar ekki skýrt fram hvernig þessar velsældarvísar eru nýttar til þess að hafa áhrif á hagkerfið og stuðla að sjálfbærri þróun. Spurt er í hvað þessar vísar eru nýttar til breytingar eða hvort þeir eru bara til skrauts? Velsældarvísar voru mikið ræddir á síðasta kjörtímabili á vegum ríkisstjórnarinnar en þeir virðast ekki komnir í notkun hjá stjórnvöldum.

Stöðulýsing og stöðumat

Kafla 3 einkennist af fallettu tali og upptalningu en getur varla flokkast sem stöðulýsing eða stöðumat á sjálfbærri þróun á Íslandi. Hér eru aðallega talin upp þær stefnur, áætlanir og fyrirheit eða aðgerðir sem stjórnvöld, ráðuneytin, sveitarfélögin, atvinnulífið og aðrir gera eða ætla sér að gera varðandi málefni sjálfbærrar þróunar. Hér er verið að segja frá markmiðum og stefnum en ekki frá því sem er gert í raun og veru. Stjórn Landverndar gagnrýnir að hér er ekki fjallað um það á hvaða hátt við erum í dag að vinna *gegn* sjálfbærri þróun sem væri mikilvægur grundvöllur til að greina hverju þarf að breyta og bæta. Við verðum að horfast í augu við það sem við erum að gera rangt og þurfum að breyta. Einnig vantar umfjöllun um markmið og aðgerðir sem eru ekki komin á blað en væru nauðsynleg og mikilvægt að gera til þess að stuðla að sjálfbærri þróun.

Í kafla 3.3.2 um verkefni dómsmálaráðuneytis vantar t.d. að fjalla um nokkur mikilvæg mál sem eru í alþjóðlegri og innlendri umræðu og gætu haft afgerandi áhrif á sjálfbæra þróun. Það

³ <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/hagnytt-efni/merki/?itemid=dd6a2e4c-3f29-11e9-9436-005056bc530c>

⁴ <https://kjarninn.is/skyring/professor-a-svidi-loftslagsmala-segir-islendinga-stunda-sjalfsblekkingu/>

eru málefni eins og vistmorð, rétt almennings til heilbrigðs umhverfis, nánar um stjórnarskrá og um réttindi náttúrunnar og komandi kynslóða sem dæmi.

Í kafla 3.3.4 um verkefni fjármála- og efnahagsráðuneytis er hvergi að finna gagnrýna umfjöllun um núverandi hagkerfi og áhrif þess á ósjálfbæra þróun. Svo er orðið sjálfbærni notað á mjög óljósan hátt og virkar frekar sem fegrunaraðgerð en sem orð til áhrifa. Hvað til dæmis þýðir þetta?: „*Með umbótum á sviði efnahagsmála undanfarna áratugi hefur ábyrgð á því að tryggja sjálfbæra hagþróun í auknum mæli verið skilgreind og tilteknum aðilum veitt tæki til þess að tryggja hana.*“ Hvað eru áhrifin af þessari „aðgerð“ miðað við það að losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi hefur haldið áfram að hækka og ójöfnuður innan þjóðar hefur aukist? Í kaflanum eru teknar fram aðgerðir eins og sjálfbæra fjármögnun, sjálfbær innkaup ríkissjóðs og innleiðingu á sjálfbærnilöggjöf á sviði fjármálamarkaðar. Þetta eru aftur dæmi þar sem óljós stefna og orðanotkun er týnt til án þess að meta hvort sú stefna hefur yfir höfuð haft jákvæð áhrif á þróun í átt að sjálfbærni. Stjórn Landverndar hvetur einnig til endurskoðunar á síðustu tvær setningar kaflans á bls. 31-32: „*Eins og fram kemur í skýrslu um langtímahorfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum bendir ekkert til þess að helstu náttúruauðlindir landsins séu að svo stöddu nýttar með ósjálfbærum hætti þótt stakar og staðbundnar áskoranir séu fyrir hendi ...*“ Hvað liggur til grundvallar á þessu mati?

Stjórn Landverndar er ánægð með lýsingu á því að heilsa fólks og heilbrigði jarðar helst í hendur (bls. 35).

Í kafla 3.3.7 um verkefni innviðaráðuneytis eru sett fram nokkur falleg fyrirheit sem þarfnast frekari útskýringar. Hvað er t.d. átt við „*tenging byggða og Íslands við umheiminn er í jafnvægi við umhverfið*“? Og hvernig er hugtakið umhverfislega sjálfbærar samgöngur skilgreint?

Í sambandi við notkun á vottuðum kolefniseiningum í skógrækt sem kemur frá neðst á bls. 40 vill stjórn Landverndar áréttta að koma þarf í veg fyrir að slíkt geti dregið úr hvata við að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum.

Landvernd fagnar því mjög að mennta- og barnamálaráðuneytið lítur á verkefnið *Skólar á grænni grein* sem eitt meginverkefna við innleiðingu menntunar til sjálfbærni í menntakerfinu öllu (bls. 43). Verkefnið hefur fyrir löngu sannað sitt gildi og er alþjóðlega viðurkennt. Gott væri ef það kæmi fram að þetta verkefnið er einnig þekkt undir heitinu *grænfánaverkefnið*, því margir þekkja það helst undir því nafni.

Í kafla 3.3.11 um verkefni umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis er fjallað um orkustefnu þar sem kemur m.a. fram að öll nýting orkuauðlinda þurfi að vera með sjálfbærum hætti og einnig að gætt verði að náttúruvernd við orkunýtingu. Þessu fagnar Landvernd en ætla um leið að spyrja hvernig það á að vera metið? Sú orkunotkun og -sóun sem tíðkast hérlendis getur varla stuðlað að sjálfbærri þróun og heldur ekki orkuframleiðsla sem er nýtt til að viðhalda neyslulífsstíl Vesturlanda.

Það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin ætlar ekki að gefa út leyfi til olíuleitar í efnahagslögsögu Íslands. Stjórn Landverndar lýsir eftir afgreiðslu frumvarps þess efnis sem fyrst.

Eins og í öllum undirköflum af kafla 3 er í þessum kafla 3.3.11 einungis týnt saman verkefni sem unnið eða stefnt er að án þess að fram komi með skýrum hætti hvort og hvernig það hafi jákvæð áhrif á sjálfbæra þróun. Ekki er rætt um allt það sem þyrfti að gera til þess að stuðla að sjálfbærri þróun. Nægjusemi, að minnka framleiðslu og neyslu er ekki einu sinni nefnd en það eru augljósar forsendur fyrir sjálfbærri þróun í ríkum löndum.

Eins og í öllum köflum þá skortir alla umfjöllun um hnattræna vitund og áhrif hnattvæðingar í kafla 3.3.12 um verkefni utanríkisráðuneytis. Ef yfirmarkmið stefnunnar um alþjóðlega þróunarsamvinnu er að draga úr fátækt og hungri þá verður að skoða með gagnrýnum hætti hvernig Ísland er mögulega að vinna á móti þessum markmiðum með þátttöku í ýmsum viðskiptasamningum og arðráni.

Gott er að sjá að sveitarfélögin eru mörg að vinna að stefnu í málefnum sjálfbærrar þróunar. Hér verður einnig að benda á það að mikilvægt er að nálgast þessari vinnu út frá siðferðislegum, heilðrænum og hnattrænum grunni.

Kafli 3.5 um atvinnulífið einkennist af fallettu tali þar sem bæði óskýrt og óvíst er hvað býr að baki. Vitað er um ýmsan grænþvott⁵ sem á sér stað í staðhæfingum fyrirtækja. Grænbókin virðist taka slíkt tal gagnrýnislaus upp. Á bls. 53 og 54 er m.a. fjallað um áherslu á efnahagsvöxt. En það er m.a. efnahagsvöxtur sem ytir áfram ósjálfbærri þróun. Neðst á bls. 53 er vikið að því að draga eigi úr opinberu eftirliti. Mjög er dregið í efa að það væri til góðs þar sem óháð eftirlit skiptir miklu máli varðandi ýmsa þætti fyrirtækja ekki síst þegar kemur að umhverfinu og öðrum málefnum sjálfbærrar þróunar. Það er mjög gott að tekið er fram að mengunarvaldar beri ábyrgð á því tjóni sem þeir valda. En hvernig er því fylgt eftir? Orðið „grænn“ virðist vera notað á svipaðan hátt og sjálfbærni, s.s. án nánari skilgreininga hvað þetta þýðir í raun og veru. Grænir innviðir, grænir skattar, græn fjárfesting- hvaða viðmið býr að baki þessum orðum?

Megináhersla aðildarfyrirtækja Samorku er nýting náttúruauðlinda á sjálfbæran hátt eins og kemur fram á bls. 54. Það fer hins vegar ekki saman við kröfur um sístækkandi orkuframleiðslu. Að forna náttúruauðlindum til þess að viðhalda svipuðum lífsstíl og tíðkast héraendis getur ekki flokkast undir nýtingu náttúruauðlinda á sjálfbæran hátt.

Samþjöppun fyrirtækja í sjávarútvegi í hendur fárra eigenda undanfarin áratugi getur varla talist stuðla að sjálfbærri þróun. Engin gagnrýnin umfjöllun er í kafla 3.5.10 um slíkt. Heldur er ekki varpað ljósi á því hvernig hægt væri að koma í veg fyrir arðráni í fátækum löndum samanber Samherjamálið⁶. Mikilvægt er einnig að í umfjöllun um sjávarútveg kemur fram að í nýrri samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika var m.a. samþykkt að vernda 30% af haf- og landsvæðum heimsins fyrir lok áratugarins⁷. Þar sem Ísland hefur hingað til aðeins verndað 0,07% hafsvæða er hér stórt stökk sem þarf að taka.

⁵ <https://ust.is/graent-samfelag/graenn-lifstill/vottanir-og-adrar-merkingar/graenthvottur/>

⁶ [Stundaði Samherji arðrán í Namibíu? Mútur og greiðslur í skattaskjól tvöfalt hærri en bókfært tap - Heimildin](#)

⁷ <https://un.is/2022/12/radstefna-sth-um-liffraedilegan-fjolebreytileika-cop15-i-montreal-kanada/>

Framtíðarsýn Samtaka iðnaðarins er að Ísland sé og verði áfram fyrirmynd annarra þjóða í umhverfis- og orkumálum (bls.57). Á hvað er þetta mat byggt að Ísland sé til fyrirmyndar í þessum málum?

Gott er að sjá í áherslum ASÍ, BSRB, BHM og KÍ góða greiningu á réttlátum umskiptum, ójöfnuð og umhverfismál. Hnatræna tenging er einnig lýst en mætti vera meira. Mikilvægt er að þessi samtök benda einnig á að við þurfum breytingar á gildum og hegðunarmynstur í samfélaginu.

Í kafla 3.7.3 um áherslur Landverndar þarf að koma fram að Landvernd telur lífsstílsbreytingar mikilvægar og þá sérstaklega á grunni nægjusemi, nýtni og samkenndar. Efla þarf menntun til sjálfbærni m.a. í gegnum grænánaveknið og aukinni fullorðinsfræðslu. Það er m.a. hnatræn vitund sem þarf að bæta í samfélagi og atvinnustarfsemi. Landvernd talar einnig fyrir því að vistmorð verði gert refsivert.

Valkostir, framtíðarsýn og áherslur til umræðu

Á bls. 71 væri gott ef bætt verður við að *Skólar á grænni grein* er einnig kallað *grænánaveknið* því það heiti er oft betur þekkt.

Hvernig er það skilgreint að Íslandi verði óháð jarðefnaeldsneyti eins og kemur fram á bls. 74? Er hér tekið tillit til allra vara sem eru fluttar inn og kannski framleiddar með notkun jarðefnaeldsneytis?

Stjórn Landverndar er ánægð með það að vikið er að því að tryggja þarf rétt komandi kynslóða til hreins, heilbrigðs og sjálfbærs umhverfis á bls. 76.

Í kafla 4 koma fram ýmis góð og mikilvæg atriði sem Ísland þarf að leggja áherslur á og vinna að til þess að stuðla að sjálfbærri þróun. En eins og öll Grænbókin einkennist einnig þessi kafli af fallegu tali, óljósri orðanotkun af orðunum sjálfbært og grænt og ófullnægjandi dýpt í umfjöllun. Varla er vikið að mikilvægum breytingum sem við þurfum að gera í samfélaginu eins og að temja okkur nægjusemi og breyta okkar lífsstíl. Eitthvað er komið inn á hnatræna vitund og lítillaga um loftslagsréttlæti í lokin en á allt of veikum grunni miðað við mikilvægi þessara mála m.t.t. sjálfbærrar þróunar.

Hver er þín skoðun?

Eins og áður hefur komið fram er stjórn Landverndar ekki sammála um að stöðumatið sem er sett fram í þessari grænbók gefi rétta mynd. Það er m.a. vegna stórs vist- og kolefnisspors á hvern íbúa landsins sem sannreynir að við lifum langt út fyrir þolmörk náttúrunnar. Sú staðreynd að spilliáhrif heimsmarkmiðanna eru ekki tekin beint inn í mat á markmiðunum heldur er einungis tekið fram í litlum aukakafla sýnir einnig að skilning vantar á stöðu landsins gagnvart sjálfbærri þróun. Sérstaklega gagnrýnisvert er að stöðulýsingin inniheldur helst upptalningar á fallegum stefnum og fyrirheitum en fjallar ekki neitt um allt það sem er gert hér á landi sem stuðlar einmitt ekki að sjálfbærri þróun og sem þarf að breyta og bæta úr. Ekki fer heldur fram nein gagnrýnin umfjöllun um þau kerfislægar orsakir sem hafa hingað til og eru ennþá að beina okkur á braut ósjálfbærri þróun.

Margt í Grænbókinni bendir til þess að ekki er til staðar góð þekking og skilningur á hvað sjálfbær þróun þýðir í raun og veru⁸. Að sjálfsögðu eru fjölmörg atriði í Grænbókinni mikilvæg og rétt og munu hjálpa okkur á leiðinni í átt að sjálfbærri þróun. Margt af því sem sett er fram mun minnka losun gróðurhúsalofttegunda, minnka aðra mengun, draga úr umhverfisáhrifum af framleiðslu og nýtingu, stuðla að velferð og aukin jöfnuð. En þar sem við í vestrænum löndum eru svo óralangt frá sjálfbærri þróun munu þessir aðgerðir aðallega minnka neikvæðu áhrifin af okkar ósjálfbærri þróun en ekki snúa þeirri þróun við. Til þess að stuðla að sjálfbærri þróun þarf róttækar kerfisbreytingar. Þær felast m.a. í því að breyta hagkerfinu þar sem núverandi hagkerfi byggir m.a. á gildum sem eru gagnstæð gildum sjálfbærrar þróunar⁹. Stefna Íslands um hringrásahagkerfi sem kemur m.a. fram í Grænbókinni er mikilvægt grundvallarskref. En ganga þarf lengra þar sem hringrásarhagkerfið eitt og sér mun hvorki duga til þess að minnka offramleiðslu og ofneyslu né stuðla að auknum jöfnuði og réttlæti eða koma í veg fyrir arðráni á fátækum löndum. Ísland ætti að skoða fyrir alvöru hagkerfisútfærsla sem hefur fengið mikla alþjóðlega athygli og viðurkenningu og nefnist Kleinuhringjahagkerfi⁹ (e. doughnut economics).

Grænbókin býr líka þess merki að of mikil trú er sett á tækniþróun. Að sjálfsögðu er tækniþróun hluti af lausninni. En vekja þarf athygli á svokölluð endurkastáhrif¹⁰ (e. Rebound effect). Vegna virkni núverandi hagkerfis og hungurs manna í að eiga sífellt meira, hefur ávinningur vegna tækniframfara verið „étin upp“ fram að þessu.

Í Grænbókinni er allt of lítið fjallað um þær lífsstílsbreytingar sem verða að eiga sér stað. Stuðla þarf m.a. að nægjusemi sem verður að vera nýja normið í staðinn fyrir neysluhyggju. Nægjusemi¹¹ er grundvallarforsenda sjálfbærrar þróunar og siðferðisleg skylda okkar sem tilheyrum forréttindahópi þeirrar sem fá öllum sínum grundvallarþörfum fullnægt og meira til. Samfélagið þarf að skilgreina upp á nýtt hvað velmegun þýðir og að það er til annar, eftirsóknarverður lífsstíll en okkar núverandi lífsstíll neyslu og sóunar. Minnka þarf allt vistsporið og virkja hnattræna vitund og siðferðiskennd svo við getum hætt að lifa á kostnað annara landa á óréttlátan hátt. Í Grænbókinni er allt of lítið horft til grundvallareinkennis sjálfbærrar þróunar sem felst í réttlæti innan og milli kynslóða. Þannig þarf ríkt land eins og Ísland t.d. að flétta neysludrifna losun¹² gróðurhúsalofttegunda með inn í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Við verðum að draga verulega úr þeirri losun gróðurhúsaloftteunda sem við völdum annarsstaðar í heiminum með neyslu okkar og sóun. Það er með öllu óréttlát og engan vegin í anda sjálfbærrar þróunar að fátæk lönd sem framleiða vörur fyrir okkur þurfa að bera ábyrgðina á losun sem verður við framleiðslu á þessum vörum. Ef við höldum áfram með núverandi lífsstíl og viðskiptarvenjum þá værum við að útvista stóran hlut af okkar losun yfir á aðra, oft fátækari þjóða.

⁸ <https://landvernd.is/sjalfbaerni-krefst-thess-ad-hugsa-ut-fyrir-kassann/>

⁹ <https://kjarninn.is/skodon/um-naudsyn-thess-ad-gera-rottaekar-breytingar-a-nuverandi-hagkerfi/>

¹⁰ <https://www.kolefniogmenn.is/post/endurkasts%C3%A1hrifin-%C3%BEegar-ofurneyslan-tekur-fram-%C3%BAr-t%C3%A6kniframf%C3%B6rum>

¹¹ <https://landvernd.is/naegjusamur-november/>

¹² <https://kjarninn.is/skyring/professor-a-svidi-loftslagsmala-segir-islendinga-stunda-sjalfsblekkingu/>

Þess vegna er svo mikilvægt að skilja loftslagsmálin sem hluta af sjálfbærri þróun því sjálfbær þróun skilgreinir svo vel hugtakið um réttlæti. Þetta þarf að koma vel fram í Grænbókinni! Eins þarf að víkja að fleiri þáttum loftslagsréttlætis. Ísland sem ríkt þjóð ber fleiri skyldur en að greiða í þróunarsjóð.

Auk breytingar á hagkerfinu eru fleiri kerfisbreytingar nauðsynlegar til þess að koma okkur á braut sjálfbærrar þróunar. Þannig geta mikilvægar breytingar á stjórnarskrá í anda nýju stjórnarskránni, stuðlað að sjálfbærri þróun og er grundvallartæki til að koma á varanlegum breytingum¹³. Einnig þarf að gæta þess að koma í veg fyrir áhrifum fjársterkra hópa og einstaklinga á virkni lýðræðisins með skýrum lögum og reglum. Í Dómskerfinu þarf að leiðrétta stöðu náttúruna m.a. með því að samþykkja vistmorð sem alþjóðlegan glæp.

Lokaorð

Í vinnu um sjálfbæra þróun á Íslandi skiptir miklu máli að góður skilningur á sjálfbærri þróun og heiðarleiki liggur til grundvallar mati á stöðu mála og að hún er ekki fegruð með fallegum orðum og grænþvotti. Einnig þarf að horfa með framsýni, metnaði, hugrekki, opnum og skapandi hug á þær stórar áskoranir sem bíða okkur á leiðinni í átt að sjálfbærri þróun. Við verðum að stiga út úr okkar núverandi kassa og búa til nýjan ramma, breyta kerfum, breyta lífnaðarháttum og gildismati með sjálfbæra þróun og góðu lífi fyrir alla að leiðarljósi. Grænbókin þarf að geta lýst þessari vegferð sem leiðandi stefna. Því miður gerir hún það ekki eins og er. Stjórn Landverndar vill hér með áréttta mikilvægi að bæta úr því og þróa Grænbókina sem leiðandi afl og áhrifavald í átt að sjálfbærri þróun.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

¹³ <https://landvernd.is/hvad-thyda-rottaekar-kerfisbreytingar/>